




# Forsætis- ráðuneytið

Kostnaður samfélagsins vegna óveðurs

Ráðgjafarsvið KPMG

—  
Febrúar 2020



# Samantekt

## Inngangur

Átakshópur sem ríkisstjórnin skipaði um úrbætur á innviðum í framhaldi af fárviðrinu 10. og 11. desember 2019 óskaði eftir því að KPMG skoðaði kostnað samfélagsins við það að atvinnulíf stöðvist vegna óveðurs.

Leitast var við að svara spurningunni „Hver er kostnaður og/eða tekjutap samfélagsins ef allt atvinnulíf stöðvast í einn dag vegna veðurs“.

Kynning þessi inniheldur samantekt á hvernig var komist að niðurstöðu um kostnaðinn og hvert er gróft áætlað mat á heildarkostnaðinum.

Leitað var eftir upplýsingum frá átakshóp ráðuneytisins, hagtölum og öðrum opinberum gögnum. Jafnframt var leitað til fjölmargra fyrirtækja, stofnana og samtaka til að fá aukinn skilning á tekjutapi og/eða viðbótarkostnaði á helstu atvinnugreinar og þar sem áætlað var að lokun vegna veðurs hefði mest áhrif.


## Tengiliður KPMG:

Svanbjörn Thoroddsen  
Hluthafi  
Ráðgjafarsvið KPMG  
sthoroddsen@kpmg.is

## Fyrirvari

Verkefnið var er unnið fyrir forsætisráðuneytið og byggir m.a. á gögnum frá Hagstofu Íslands, upplýsingum frá átakshóp ráðuneytisins ásamt einstökum fyrirtækjum og stofnunum. KPMG hefur ekki kannað sérstaklega areiðanleika þeirra upplýsinga t.a.m. með framkvæmd areiðanleikakönnunar, en varað er við að niðurstaða slíkar könnunar gæti leitt til þess að undirliggjandi gögn eða mat á þeim breytist og þar af leiðandi niðurstöður KPMG. Áf þeim sökum getur KPMG ekki ábyrgst nákvæmni eða areiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. Gert er ráð fyrir að lesendur rýni í þessi gögn og annað það er liggur til grundvallar niðurstöðum KPMG. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efní og niðurstöður samantektarinnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram. KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem kunna að vera teknar eru á grundvelli þessarar samantektar.

# Kostnaður samfélagsins við að atvinnulíf stöðvist í einn dag



\* Byggð er á landsframleiðslu og hlut atvinnugreina í landsframleiðslu 2018, þar sem landsframleiðsla fyrir árið 2019 ásamt skipting atvinnugreina lág ekki fyrir.

\* Landsframleiðsla ekki reiknuð upp á verðlag 2019 eða áætlaða landsframleiðslu 2019.

# Aðferðafræði

## Mat á samfélagslegum kostnaði ef allt lokar vegna veðurs

Nálgun KPMG til þess að áætla líklegan kostnað samfélagsins er að meta það út frá vergri landsframleiðslu og styðjast við framleiðsluuppgjör, sem skiptir landsframleiðslu niður á atvinnugreinar\*.

Hér er um að ræða áætlað tekjutap og/eða viðbótarkostnað atvinnugreinanna. Tekið skal fram að þessar tölur innifela ekki eignatjón vegna óveðurs, hvort sem það er á mannvirkjum, tækjum og búnaði eða rekstrarfjármunum. Tölnar innifela heldur ekki kostnað sem er afleiðing þess að eignatjón verður eða innviðir bresta, s.s. uppsetning varafls, vinna við viðgerðir o.s.frv.\*\*

### Landsframleiðsla

Landsframleiðsla var 2.812 ma.kr. árið 2018.\*

Ef landsframleiðslu er skipt jafnt niður á alla daga ársins næmi hún alls 7,7 ma.kr. á dag.

Landsframleiðsla er skipt niður á atvinnugreinar sem eru flokkaðar samkvæmt ÍSAT2008 atvinnugreinaflokkun.

### Áætlaður hlutur framleiðslu- og þjónustugreina

Byggt á atvinnugreinaflokkun voru skoðaðar allar framleiðslu- og þjónustugreinar sem gætu orðið fyrir tekjutapi og/eða viðbótarkostnaði vegna óveðurs.

#### Áætlaður hlutur framleiðslu- og þjónustugreina í landsframleiðslu nemur um 4,8 ma.kr. á dag.

Framleiðslu- og þjónustugreinar voru skoðaðar nánar og lagt mat á það hvaða greinar verða fyrir tekjutapi og/eða viðbótarkostnaði við þær aðstæður að allt stöðvist í einn dag og fólk komist ekki til vinnu.

\*\*Óskað var eftir upplýsingum frá ýmsum félögum um tjón á eignum og búnaði sem og kostnaði sem hlaust af tjóni vegna óveðursins 10. og 11. desember 2019.

Byggt á svörum um 20 aðila er áætlað að eignatjón og tengdur kostnaður hafi numið um 680 milljónir króna.

Því til viðbótar var framkvæmdum að fjárhæð 480 milljónum króna flýtt vegna aðstæðna.

### Áætlaður kostnaður við það að allt stöðvist í einn dag

Til að meta raunverulegan kostnað í stærstu atvinnugreinum þá var haft samband við forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem voru með mikla markaðshlutdeild innan framleiðslueiningar sem var skoðuð. Síðan var lagt mat á tekjumissi innan atvinnugreinar með því að skoða hlutfallslegt tekjutap/viðbótarkostnaðar fyrirtækja í atvinnugrein og skoða það í hlutfalli við landsframleiðslu fyrir biðkomandi atvinnugrein.

Við matið er byggt á upplýsingum og/eða viðtölum við fulltrúa um 40 fyrirtækja, stofnana og samtaka í ýmsum greinum atvinnulífsins. Samanlagt eru þetta fulltrúar atvinnugreina sem standa að baki um 80% af framlagi framleiðslu- og þjónustugreina.

Þannig voru mismunandi áhrif á atvinnugreinar metnar, en til glöggunar á því hvernig áhrifin geta verið ólík eftir atvinnugreinum eru tekin dæmi á næstu síðum.

Út frá þessari greiningu er áætlað tekjutap eða viðbótarkostnaður samfélagsins við það að atvinnulíf stöðvist í einn dag vegna veðurs sé um 1,7 ma.kr. á dag.

\* Byggt er á landsframleiðslu og hlut atvinnugreina í landsframleiðslu 2018, þar sem landsframleiðsla fyrir árið 2019 ásamt skipting atvinnugreina lág ekki fyrir.

\* Landsframleiðsla ekki reiknuð upp á verðlag 2019 eða áætlaða landsframleiðslu 2019.

# Dæmi 1/2

Ljóst er að veður sem veldur því að fólk kemst ekki til vinnu og atvinnulíf stöðvast hefur mismunandi áhrif á atvinnugreinar. Til frekari skýringa er ágætt að taka dæmi:

| Matvöruverslun  | Veitingarekstur   | Útgerð   | Fiskvinnsla  |
|---|---|--|--|
| <p></p> <p>Áætlað er að matvöruverslanir verði fyrir takmörkuðu tjóni þar sem neytendur kaupa inn vörur fyrir óveður og/eða vinna upp á eftir.</p> <p>Fréttir af tómum hillum matvöruverslana fyrir óveður sýna að neytendur kaupa meira en venjulega til þess að eiga birgðir í óveðri. Þannig dreifist sala á dagana fyrir og eftir.</p> | <p></p> <p>Veitingastaður, sem ekki er staðsettur inni á hóteli, tapar hins vegar tekjum dagsins ef hann lokar eða enginn viðskiptavinur kemst á staðinn. Ekki er hægt vega það upp dagana fyrir eða eftir óveður.</p> | <p></p> <p>Útgerðarfyrirtæki eru vön því að dagar falli niður vegna óveðurs og heildartekjur þeirra ráðast af þeim veiðiheimildum sem þau hafa, en ekki af því hvaða daga hægt er að halda til veiða.</p> | <p></p> <p>Áætlað er að fiskvinnsla verði fyrir tekjutapi þann dag sem að allt lokast vegna veðurs.</p> |

# Dæmi 2/2

Ljóst er að veður sem veldur því að fólk kemst ekki til vinnu og atvinnulíf stöðvast hefur mismunandi áhrif á atvinnugreinar. Til frekari skýringa er ágætt að taka dæmi:

| Flug og hópferðir á landi  | Hótelrekstur  | Verktakar  | Áframleiðsla   |
|--|---|--|--|
| <p></p> <p>Talsverður kostnaður verður hjá ferðapjónustu við það að flugsamgöngur falli niður, þá er bæði tekjutap og farþegatengdur kostnaður eins og gisting og upphald.</p> <p>Einnig er áætlað tekjutap af skipulögðum ferðum sem ekki er farið í vegna veðurs.</p> | <p></p> <p>Áætlað er að takmarkað tekjutap verði í hótelrekstri við það að allt stöðvist þar sem einhverjir farþegar þurfa að gista viðbótardag á móti þeim degi sem ekki var nýttur við það að farþegi kom ekki til landsins eða fór á milli staða.</p> | <p></p> <p>Verktaki sem ekki kemst til vinnu vegna veðurs tapar almennt tekjum dagsins.</p> | <p></p> <p>Framleiðendur á áli verða fyrir óverulegu tekjutapi eða kostnaði ef allar samgöngur stöðvast vegna óveðurs og starfsmenn komast ekki til og frá vinnu.</p> <p>Öðru máli gildir auðvitað ef álver missir raforku, en við þær aðstæður verður verulegt tjón og framleiðslutap í langan tíma.</p> |



[kpmg.com/socialmedia](http://kpmg.com/socialmedia)

© 2020 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi.  
Allur réttur áskilinn.

Nafn og vörumerki KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.